

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Alþingi

Erindi nr. P 139/2584

komudagur 20.5.2011

Alþingi
b.t. viðskiptanefndar
v/ Austurvöll
150 REYKJAVÍK

19. maí 2011

Tilvísun: 2011050063

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga, með síðari breytingum (góðir stjórnarhættir o.fl.), þskj. 1217 – 698. mál.

Vísað er til tölvupóstar nefndarsviðs Alþingis þann 11. maí sl. þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga, með síðari breytingum (góðir stjórnarhættir o.fl.), 698. mál.

Eftirfarandi eru athugasemdir Fjármálaeftirlitsins við einstakar greinar frumvarpsins:

1. gr. Góðir stjórnarhættir

Fjármálaeftirlitið leggur til, í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/46/EB frá 14. júní 2006, að fram komi að efnisinnihald yfirlýsingar um stjórnarhætti eigi að lágmarki að innihalda nánar tilgreinda þætti, sbr. 1.-3. tl. 2. mgr. 1. gr., þannig að ljóst sé að umrædd yfirlýsing geti innihaldið fleiri þætti er varða stjórnarhætti.

Í 1. tl. 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins kemur m.a. fram að vísa skuli til þeirra reglna um stjórnarhætti sem félagið fylgir eða fylgja ber samkvæmt lögum. Fjármálaeftirlitið leggur til að félagi beri að auki, ef við á, að vísa til annarra upplýsinga um stjórnarhætti fyrirtækisins sem beitt sé umfram þær reglur sem vísað er sérstaklega til.

Þegar félag vîkur að hluta eða heild frá reglum um stjórnarhætti kemur fram að greina skuli frá ástæðum þess. Fjármálaeftirlitið telur að tilgreina þurfi í ákvæðinu að félagi beri að greina sérstaklega frá hvaða hluta (einum, fleiri eða í heild) það hefur ákveðið að vîkja frá, ástæðum þess að vîkið sé frá tilteknum hluta og hvort gripíð hafi verið til annarra ráðstafana og þá hverra. Fjármálaeftirlitið telur að ekki eigi að vera talið fullnægjandi í þessu sambandi að félag greini frá ástæðum frávíks með almennum hætti.

2. gr.

Fjármálaeftirlitið vill vekja athygli á 61. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti (vvl.) sem fjallar um útgefendur með skráða skrifstofu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins og ársreikning, eða samstæðureikning ef við á, árshlutareikning vegna fyrstu sex mánaða reikningsársins, eða samstæðureikning vegna fyrstu sex mánaða reikningsársins ef við á, og greinargerð frá stjórn þeirra. Ákvæðið tilheyrir VII. kafla laganna sem fjallar um reglulegar upplýsingar útgefanda en í kaflanum koma fram þær reglur er gilda um ársreikning, árshlutareikning vegna fyrstu sex mánaða reikningsársins og greinargerð frá stjórn og birtingu þeirra.


Í 61. gr. kemur fram að útgefendum í þessari stöðu er heimilt að semja þessa reikninga og greinagerð frá stjórn samkvæmt bindandi opinberum fyrirmælum í því ríki þar sem hann er með skráða skrifstofu ef fyrirmælin eru hliðstæð ákvæðum laga um ársreikninga. Að auki er fjallað um þau tilvik þegar bindandi opinber fyrirmæli ríkis þar sem útgefandi er með skráða skrifstofu eru ekki hliðstæð ákvæðum laga um ársreikninga.

Þá vekur Fjármálaeftirlitið sérstaklega athygli á 3. mgr. 61. gr. vvl. en þar kemur fram að það er hlutverk ársreikningaskrá að meta hvort kröfur samkvæmt ákvæðum ríkis utan Evrópska efnahagssvæðisins eru hliðstæðar ákvæðum laga um ársreikninga.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ


Guðrún Jónsdóttir


Barbara Inga Albertsdóttir